Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

MENNTASTEFNA
REYKJAVÍKURBORGAR
TIL 2030

Leikskólinn Ösp

2026– 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1. Greinargerð leikskólastjóra 3
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026 4
2.1 Innra mat 4
2.2 Ytra mat 5
3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027 6
4. Starfsþróunarsamtöl 8
5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans 8
6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva 8
7. Foreldrasamstarf 9
8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal 9
9. Þróunarverkefni 10
10. Fylgiskjöl: 11
10.1 Innra mat deilda síðasta árs 11
10.1.1 Innra mat Skýjalands 2025-2026 11
10.1.2 Innra mat Regnbogaland 2025-2026 12
10.1.3 Innra mat Stjörnulands 2025-2026 13
10.1.4 Innra mat Sérkennslu - Draumaland 2025-2026 14
10.2 Umbótaáætlun 2026-2027 15
10.2.1 Sameiginleg umbótaáætlun deilda leikskólans 15
10.2.2 Umbótaáætlun Skýjalands 2026-2027 16
10.2.3 Umbótaáætlun Regnbogaland 2026-2027 17
10.2.4 Umbótaáætlun Stjörnulands 2026-2027 17
10.2.5 Umbótaáætlun Draumalands 2026-2027 18
10.3 Tímarammi samstarfs 20
10.4 Leikskóladagatal 22
10.5 Umsögn foreldraráðs 23

1. Greinargerð leikskólastjóra

Í heildina hefur leikskólaárið 2025-2026 gengið vel. Búið var að manna allar stöður í lok ágúst og fór allt starf vel af stað. Eftir að aðlögun var lokið voru foreldrafundir á öllum deildum. Þeir voru vel sóttir og líkt og undanfarin ár var fræðsla sem tengdist málörvun og mikilvægi samstarfs heimilis og leikskóla.

Barnahópurinn er fjölbreyttur með ólíkar þarfir og hefur verið mikið lagt upp úr teymisvinnu í vetur, þar sem áhersla var lögð á að mæta þörfum barnanna með snemmtækri íhlutun. Fjölgað var í sérkennsluteyminu, sem fékk heitið Draumaland, teymið tekur þátt í daglegu starfi á öllum deildum ásamt því að styðja við starfsfólk deildanna, með virka þátttöku allra barna í huga. Það hefur gefist sérstaklega vel að vinna á þennan hátt þar sem börnunum er mætt á þeirra forsendum bæði sem einstaklingum og barnahópnum sem heild á öllum deildum.

Læsisteymið lauk læsisáætluninni og hefur nýtt sér fræðslu á vegum Miðju máls og læsis, bæði í lærdómssamfélagi læsisteymi sem og miðvikudagsfræðslunni. Þetta er mjög góður vettvangur þar sem teymið nær einnig að hitta önnur læsisteymi og eiga samtal um það sem brennur á þeim í tengslum við þetta málefni. Skólanámskráin er einnig á lokametrunum og verður hún tilbúin áður en næsta leikskólaár hefst.

Stjórnendur leikskólans tóku þátt í leikskólaverkefni á vegum Reykjavíkurborgar þar sem boðið var upp á stjórnendaþjálfun. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri fóru saman á námskeið og deildarstjórar og sérkennslustjóri fóru á námskeið ætlað þeim. Þetta hefur styrkt alla stjórnendur í sínu starfi og aukið öryggi allra til muna.

Flestar áherslur í umbótaáætlun síðasta árs náðu að festast í sessi og eru næstu þættir ákveðnir sem framhald af þeirri vinnu og vegferð, sem við erum á í tengslum við málþroska, læsi, sjálfseflingu og félags – og samskiptafærni barnanna. Allar þessar áherslur tengjast menntastefnunni og samvinnu við Holt og Fellaskóla í tengslum við verkefnið okkar „Málþroski og læsi í Fellahverfi“, sem er leiðarljós í öllu starfi leikskólans.

Helstu viðburðir á árinu voru skipulagðir með börnunum svo sem Baráttudagur gegn einelti, Hrekkjavaka, Alþjóðlegur dagur móðurmáls og sumarhátíð leikskólans.

Ákveðið var að sækja um áframhaldandi styrk vegna B hluta verkefnis Menntastefnunnar í samstarfi við Menntavísindasvið, með það í huga að festa þetta verklag í sessi. Í ár munum við bæta tveimur árgöngum við þessa vinnu, næstelsta árgang í leikskólunum og 2.bekk í Fellaskóla.

Leikskólarnir Holt og Ösp voru skilgreindir sem sérhæfðir leikskólar á sviði fjölmenningar í upphafi árs 2026. Við höldum því áfram að taka á móti gestum, líkt og undanfarin ár, sem vilja koma og fræðast um leikskólann Ösp og samstarfið í Fellahverfi. Það hefur fjölgað í hópi þeirra sem koma og heimsækja okkur, bæði íslenskir og erlendir gestir.

2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

2.1 Innra mat

Hvað var metið?	Læsi – Þekking og skilningur á samfélagi og umhverfi
Hvernig fór matið fram?	Á læsisteymisfundum og skipulagsdögum
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allt starfsfólk
Helstu niðurstöður mats	Gefin var út læsisáætlun Aspar

Hvað var metið?	Heilsuvernd
Hvernig fór matið fram?	Á skipulagsdegi, stjórnendateymis- og deildarfundum
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allt starfsfólk
Helstu niðurstöður mats	Fræðsla var fyrir starfsfólk um mataræði ungra barna. Aukin hreyfing var á öllum deildum. Haldið verður áfram að vinna að heilsuvernd með fræðslu fyrir börnin um mataræði og markvissari hreyfingu á öllum deildum.

Hvað var metið?	Skólanámskrá
Hvernig fór matið fram?	Á Skipulagsdegi, stjórnendateymis- og deildarfundum. Í samveru með börnum og hópastarfi.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allt starfsfólk og börn. Foreldraráð les yfir skólanámskrána og skilar henni í júní eða júlí.
Helstu niðurstöður mats	Skólanámskrá gefin út fyrir leikskólaárið 2026-2027

Hvað var metið?	MOLF – þátttaka foreldra
Hvernig fór matið fram?	Í foreldraviðtölum. Á fundi með deildarstjórum elstu deilda, verkefnastjórum fjölmenningar, stjórnendum skólanna og MML, sem kom einnig að verkefninu
Hverjir tóku þátt í matinu?	Deildarstjórar og foreldrar elstu barna, verkefnastjórar skólanna, stjórnendur skólanna, brúarsmiðir, talmeinafræðingar.
Helstu niðurstöður mats	Verkefnið fór vel af stað og hefur þátttaka foreldra aukist. Við munum halda áfram að þróa þetta verkefni.

2.2 Ytra mat

Hvað var metið?	Viðhorfskönnun starfsfólks
Hvernig fór matið fram?	Könnun á vegum Gallup nóvember 2025
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk
Helstu niðurstöður mats	Könnunin kom vel út og var heildarmat 4,32. Starfsfólk telur markmið með starfi sínu skýr, það fær tækifæri til að þróast í starfi og er hrósað þegar það stendur sig vel. Það var mjög mikil óánægja með loftgæði og hljóðvist sem eykur streitu hjá starfsfólki. Báðir þessir þættir hafa lækkað töluvert og eru komnir niður í 2,5 hvor. Það er mjög mikilvægt að bregðast við þessum niðurstöðum og bæta hljóðvist og loftgæði svo börnum og starfsfólki geti liðið vel í leikskólanum.

Hvað var metið?	Fagumhverfiskönnun starfsfólks
Hvernig fór matið fram?	Könnun send af Skóla- og frístundasviði
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk
Helstu niðurstöður mats	Mjög góð þátttaka starfsfólks. Styrkleikar felast í grunnfaglegri færni, starfsfólk er vel undirbúið fyrir flest dagleg verkefni. Jákvætt starfsumhverfi og stuðningur við starfsfólk. Mikil geta til að sinna málörvun fyrri börn með íslensku sem annað tungumál, jákvæð samskipti við börn og virk þátttaka í leik. Tækifæri til umbóta felast í samskiptum við foreldra og fræðslu um stuðningsþarfir barna með sérþarfir.

3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	Heilsuvernd – Holt mataræði og fræðsla til barna
Umbótaþáttur/matsþáttur	Heilsuvernd Heilbrigði, lífsstíll og vellíðan
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Áhersla lögð á hreyfingu barna og holt mataræði.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Umræður og fræðsla fyrir börnin um holt mataræði. Áhersla á markvissa hreyfingu og útinám á öllum deildum
Ábyrgð	Allt starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 – júní 2027
Hvenær og hvernig á að meta? **Hvaða aðferðir á að nota við matið**	Metið á deildarfundum og skipulagsdögum. Samtal við börnin
Viðmið um árangur	Að börnin séu meðvituð og hafi grunnþekkingu á næringarríku mataræði. Að þátttaka þeirra í fjölbreyttri hreyfingu veiti þeim ánægju og gleði.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	Innlit – Örsamtöl
Umbótaþáttur/matsþáttur	Örsamtöl og innlit stjórnendateymis við sitt starfsfólk
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að festa í sessi innlit og örviðtöl við allt starfsfólk þrisvar á leikskólaári og bæta eftirfylgni og innliti eftir þörfum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Fastsetja dagsetningar fyrir örsamtöl strax í upphafi leikskólaárs og vera svo með innlit og eftirfylgni yfir árið
Ábyrgð	Stjórnendateymið
Hvenær hefst og áætluð lok?	September 2026 – júní 2027
Hvenær og hvernig á að meta? **Hvaða aðferðir á að nota við matið**	Metið eftir því hvernig tekst að halda samtölum og innlitum. Notaðar verða skráningar
Viðmið um árangur	Að allir starfsmenn eiga samtöl við sinn næsta yfirmann um þróun og líðan í starfi

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	Hljóðvist og loftgæði
Umbótaþáttur/matsþáttur	Að bæta hljóðvist og loftgæði innan leikskólans, svo börnum og starfsfólki líði vel í leikskólanum
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Það þarf að skoða hljóðvist og loftgæði í heild sinni í öllum rýmum leikskólans. Það þarf að fá hljóðvistar- og loftgæða mælingar í öll rými sem börn og starfsfólk eru í daglega. Aukið álag og streita vegna lélegrar hljóðvistar og loftgæða leiðir til aukinna veikinda og álagseinkenna og hefur því áhrif á heilsu starfsfólks og barna til frambúðar.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hafa samband við Jafnasel og Fjármála- og rekstrarþjónustu á SFS – Byggingar- og búnaðarmál
Ábyrgð	Leikskólastjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Maí 2026 – desember 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Bætt hljóðvist og loftgæði í öllum rýmum leikskólans sem börn og starfsfólk dvelur í daglega
Viðmið um árangur	Draga úr veikindum, streitu og auka vellíðan barna og starfsfólks í leikskólanum.

4. Starfsþróunarsamtöl

Haustið 2025 fóru allir starfsmenn í starfsþróunarsamtöl við aðstoðarleikskólastjóra. Eftir áramót fóru allir starfsmenn deilda í örsamtöl til sinna deildarstjóra. Sérkennslustjóri tók örsamtöl við starfsfólk sérkennslu og aðstoðarleikskólastjóri tók örsamtöl við deildarstjóra og sérkennslustjóra. Í framhaldi af örsamtölunum var eftirfylgni þegar á þurfti að halda. Í lok maí tók leikskólastjóri starfsþróunarsamtöl við allt starfsfólk.

Fagstjóri leikskóla í Suðurmiðstöð tekur starfsþróunarsamtal við leikskólastjórnendur.

5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Starfsdagar verða skipulagðir með áherslu á fræðslu sem tengist starfsáætlun fyrir veturinn 2026-2027. Það verður meðal annars fengin fræðsla um málstefnu og samskipti við foreldra fjöltyngdra barna á vegum Miðju máls og læsis og brúarsmiða. Skyldunámskeiðum allra starfsmanna verður fylgt eftir og reynt að fylgja betur eftir fræðslu sem starfsfólk getur sótt á Torginu.

Hugað verður að fræðslu um sjálfsprottinn leik, námsrými og skráningar á leik barna í tengslum við „Flæði í leik“. Þeir sem ekki hafa farið á Blæ-námskeið fá tækifæri til að fara á það.

Í apríl verður svo farið í námsferð til Edinborgar með leikskólanum Holti.

Þess utan eru þrír starfsmenn á íslenskunámskeiði vikulega í leikskólanum þar sem kennari kemur og hittir þá.

6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Við erum í mjög góðu samstarfi við leikskólann Holt og Fellaskóla. Saman erum við þátttakendur í verkefninu Málþroski og læsi í Fellahverfi (MOLF), sem hefur verið rammi utan um áherslur í starfi með öllum börnum í Fellahverfi síðustu 6 ár. Á þessum árum hefur samstarfið aukist og þróast í takt við þarfir barnanna sem sækja þessa skóla (fylgiskjal 10.3).

7. Foreldrasamstarf

Það er starfandi foreldraráð í Ösp og er kosið í það árlega.

Foreldrafundir fyrir alla foreldra eru einu sinni á ári í lok september. Það eru þrír fundir, einn fyrir hverja deild, með sömu fræðslu og upplýsingar um leikskólann. Leikskólaárið 2026-2027 mun fræðslan snúa að málstefnu heimilis og leikskóla. Við munum fá brúarsmiði frá Miðju máls og læsis á fundina með þessa fræðslu. Boðið er upp á túlka fyrir alla foreldra sem þurfa á því að halda.

Foreldraviðtöl eru haldin tvisvar á ári fyrir alla foreldra, einu sinni á hvorri önn.

Fyrir nýja foreldra er haldin kynning í júní þar sem allt stjórnendateymið kynnir sig og leikskólann. Það eru einnig fyrstu viðtöl áður en börnin hefja vistun.

Það er starfandi foreldrafélag sem hóf störf vorið 2024 og hefur það tekið þátt í sveitaferð, sumarhátíð og desembersamveru barna, foreldra og starfsfólks.

8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar leikskólaárið 2026-27

31. ágúst – hálfur skipulagsdagur

15. október – hálfur skipulagsdagur

20. nóvember – sameiginlegur með Holti og Fellaskóla

4. janúar – sameiginlegur með Holti og Fellaskóla

21. apríl – skipulagsdagur námsferð með Holti

23. apríl – skipulagsdagur námsferð með Holti

27. apríl – Menntastefnumót – sameiginlegur skipulagsdagur leik- og grunnskóla í Reykjavík

Leikskóladagatalið er fylgiskjal 10.4.

9. Þróunarverkefni

Heiti á þróunarverkefni og helstu áherslur verkefnisins	Samstarfsaðilar	Hver styrkir?
Málþroski og læsi - að virkja þátttöku foreldra. Með þessu verkefni ætlum við að fá foreldra í samstarf og stuðla að inngildingu þeirra í námi og leik barna sinna með því að efla íslenskan orðaforða þeirra. Það mun stuðla að betri tengingu og þátttöku þeirra í starfi skólanna. Ávinningur verkefnisins verður virkari þátttaka foreldra í námi og starfi barna sinna. Aukin íslenskukunnátta þeirra dregur úr þörfum á túlkaþjónustu og stuðlar að betri samskiptum milli heimilis og skóla. Þetta valdeflir og eykur líkur á virkari þátttöku foreldra. Ávinningur barna felst í auknum orðaforða og fleiri tækifærum þeirra til lestur, hlustunar og samskipta.	Leikskólinn Holt, Fellaskóli og Menntavísindasvið HÍ	B-hluta verkefni Menntastefnu Reykjavíkur - framhaldsstyrkur

10. Fylgiskjöl:

10.1 Innra mat deilda síðasta árs

10.1.1 Innra mat Skýjalands 2025-2026

Börnin á Skýjalandi veturinn 2025-2026 voru fædd 2022, 2023 og 2024 og voru þau 16 á deildinni. Á Skýjalandi var fast hópastarf fjórum sinnum í viku þar sem hver hópstjóri var með sitt þema og börnin rúlluðu á milli hópstjóra. Við sjáum fram á svipað skipulag næsta vetur 2026-27.

Styrkleikar

Lagt var upp með í síðustu umbótaáætlun að styrkja lykilpersónu í aðlögun og styrkja tákn með tali í samverstundum.

Aðlögun á skýjalandi gekk mjög vel eftir að við vorum með lykilpersónu í aðlögun fyrir hvert barn og fundum við meira öryggi hjá foreldum og tókum eftir að foreldrar leituðu mikið til lykilpersónu barnsins bæði í aðlögun og eftir að aðlöguninni lauk og því langar okkur að halda áfram að styrkja lykilpersónu í aðlögun.

Tækifæri

Við ætlum að halda áfram að leggja áherslu á að vera með lykilpersónu í aðlögun og styrkja þannig foreldrasamstarfið.

Við viljum leggja áherslu að styrkja okkur í sjálfsprottnum leik með börnunum og vera meira með þeim í leik og styrkja þannig orðaforðaaukningu þeirra.

Koma með Blæ Bangsa inn í samverustund og að börnin læri á tilfinningar sínar.

10.1.2 Innra mat Regnbogaland 2025-2026

Börnin á Regnbogalandi veturinn 2025-2026 voru fædd 2021 – 2022 og voru 15 börn á deildinni. Á Regnbogalandi var fast hópastarf 4 sinnum í viku þar sem hver hópstjóri var með sitt þema og börnin rúlluðu á milli hópstjóra. Við sjáum fram á sama skipulag næsta vetur 2026- 2027.

Styrkleikar

Við ætlum að halda áfram að leggja áherslu á að þróa flæði í leikskólanum til að skapa öruggt, skipulagt og hvetjandi leikumhverfi fyrir börnin. Einnig viljum við efla lestur í víðara samhengi með reglulegum bókasafnsferðum og samþætta bókalestur og umhverfislæsi í daglegu starfi. Áhersla verður lögð á að auka áhuga barnanna á bókum og að þau læri að umgangast þær af virðingu. Jafnframt verður Blær nýttur í samverustundum og öðru daglegu starfi til að styðja börnin í að þekkja, skilja og tjá tilfinningar sínar á jákvæðan hátt.

Tækifæri

Halda áfram að þróa flæði í leikskólanum með það að markmiði að starfsfólk verði öruggara í að styðja við leik barna í flæðinu. Áhersla verður lögð á að skapa rólegt, skipulagt og hvetjandi leikumhverfi þar sem börn fá tækifæri til sjálfsprottins leiks, samskipta og virkrar þátttöku.

Markmiðið er að fara reglulega í bókasafnsferðir með börnin og flétta saman umhverfislæsi og bókalestur. Mikilvægt er að auka áhuga barnanna á lestri bóka og efla skilning þeirra á mikilvægi þess að umgangast bækur af virðingu og ábyrgð.

Blær verður hluti af samverustundum á morgnana og starfsfólk verður hvatt til að nýta efnið á fleiri stundum yfir daginn. Markmiðið er að börnin læri að þekkja tilfinningar sínar, tjá þær á viðeigandi hátt og öðlist færni til að vinna úr þeim á jákvæðan hátt.

10.1.3 Innra mat Stjörnulands 2025-2026

Veturinn 2025- 2026 var 21 barn á Stjörnulandi og voru þau fædd 2020 og 2021. Skipulag deildarinnar var með sama hætti og síðasta vetur, unnið var með börnin aldursskiptum hópum. Fyrir utan hefðbundið hópastarf með áherslu á þemun voru elstu börnin einnig í föstum HLJÓM-2 og K-pals stundum tvisvar sinnum í viku. Brynja deildarstjóri máls og læsis í Fellaskóla er með okkur einu sinni í viku í þessum stundum.

Styrkleikar

Ákveðið var að halda áfram að skipta börnunum eftir aldri á deildinni enda hafði sú breyting sem gerð var í mars 2025 gefist vel. Reynt var að höfða til áhugasviðs hópstjóra í hópastarfi líkt og áður.
Við lögðum áfram áherslu á sjálfssprottinn leikur, kennarar styðja við börnin í leik og eru þátttakendur í leik barnanna.
Blær bangsi sem legið hafði í dvala í einhvern tíma var endurvakinn. Öll börnin fengu sinn Blæ og var hann notaður til að tala um tilfinningar og líðan. Einnig höfum við verið að vinna með Lubba hjá yngri hópnum æfa okkur í hljóðunum og syngja lögin.
Skólahópur hefur undanfarin ár sett upp leiksýningu í desember fyrir samnemendur sína. Verkefnið hefur stækkað ár frá ári. Síðasta vetur var foreldrum í fyrsta skipti boðið að koma og horfa. Virkilega skemmtilegt verkefni sem eflir börnin í framkomu, frásögn og fyllir þau stolti.

Tækifæri

Tækifærin í sjálfsprottna leiknum eru mikil en það skiptir máli að styðja við nýtt starfsfólk, þekkingin þarf að fara milli starfsfólks. Við þurfum að nota allar stundir til að styðja við leik barnanna bæði úti og inni.
Bókalestur er orðinn stór hluti að okkar leikskólamenningu en við megum hins vegar bæta okkur í þulum og vísum sem eru mikilvægur þáttur í málörvun barna. Gott er að deildin ræði útfærslur og ákveði hver hefur umsjón og haldi utan um þær.
Frásögn barna er mikilvæg aðferð til að efla sjálfstraust og styrkir þau í að koma fram. Einnig er það mikilvæg æfing í virkum orðaforða og notkun tungumálsins.
Nú þegar Blær bangsi er aftur orðinn hluti af starfinu er tækifæri til að nýta hann enn frekar til að bæta samskipti barnanna.
Mikilvægt er að starfsfólk nýti þau verkfæri sem til eru í leikskólanum og gott dæmi er plaggat frá Miðju Máls og Læsis um Gæðamálörvun.

10.1.4 Innra mat Sérkennslu - Draumaland 2025-2026

Veturinn 2025-2026 fjölgaði í hópi þeirra barna sem voru með úthlutað fjármagn vegna stuðnings. Starfsmenn Draumalands fóru meira inn á deildir og studdu við börnin og starfsfólk, þar sem lagt var upp með að allir starfsmenn deildanna og Draumalands fylgdu sömu verkferlum. Snemmtæk íhlutun spilaði stórt hlutverk í verkefnum Draumalands og var unnið í lotum út frá þörfum barnanna bæði sem einstaklingar og barnahópsins.

Styrkleikar

Lagt var upp með að efla teymisvinnu og samvinnu þvert á deildir og hefur það markmið náð góðum árangri. Teymisvinna og sjálfstæð vinnubrögð starfsfólks í sérkennsluteymi eru meðal helstu styrkleika þess. Starfsfólk sýnir frumkvæði, ber ábyrgð á eigin verkefnum og vinnur markvisst að sameiginlegum markmiðum með hagsmuni barna að leiðarljósi. Samvinna innan teymisins einkennist af gagnkvæmri virðingu, trausti og opnum samskiptum sem stuðla að faglegri þróun og lausnamiðaðri nálgun.

Samvinna milli deilda og sérkennslu hefur stuðlað að betri yfirsýn yfir þarfir barna og meiri samfellu í stuðningi þeirra. Teymið bregst við tilfallandi áskorunum og nýtir fjölbreytta sérþekkingu innan hópsins til að finna árangursríkar lausnir.

Tækifæri

Tækifæri til umbóta í sérkennslu er að kynna starfsemi sérkennsluteymisins betur fyrir öllu starfsfólki leikskólans. Mikilvægt er að allir hafi skýran skilning á hlutverki teymisins, hvaða stuðningur er í boði og hvernig best sé að leita eftir ráðgjöf eða samstarfi. Með kynningu má efla samstarf, auka samráð og tryggja að sérþekking teymisins nýtist sem best í daglegu starfi.

Með auknum sýnileika og aðgengi að sérkennsluteyminu styrkist samvinna innan leikskólans og stuðningur við börn verður markvissari og samfelldari.

Áhersla verður lögð á samvinnu við foreldra.

10.2 Umbótaáætlun 2026-2027

10.2.1 Sameiginleg umbótaáætlun deilda leikskólans

Skýjaland- Regnbogaland og Stjörnuland	Blær – Tilfinninga og félagsfærni
Umbótaþáttur/matsþáttur	Blær bangsi verður partur að samverustund á morgnana. Starfsfólk lærir á efnið og er hvatt til að nota það í fleiri stundum
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin læri að þekkja tilfinningar sínar og geti unnið úr þeim á réttan hátt. Læri hvað er að vera góður vinur.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Ræða um tilfinningar og nota efnið frá Barnaheill. Allir starfsmenn sem þess þurfa, fara á námskeið.
Ábyrgð	Deildarstjórar og starfsfólk deilda
Hvenær hefst og áætluð lok?	September 2026 til maí 2017
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Byrja að kynna á efnið á deildarfundum og ræða svo reglulega um veturinn og endurmeta á deildarfundum
Viðmið um árangur	Starfsfólk verði öruggt að nota efnið frá Barnaheill. Börnin læri inná tilfinningar sínar.

Skýjaland- Regnbogaland og Stjörnuland	Flæði
Umbótaþáttur/matsþáttur	Flæði, að halda áfram þróa flæði í leikskólanum.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Starfsmenn verði öruggir í leik barna í flæðinu og virkir þátttakendur í þeim leik sem skapast.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Fá fræðslu fyrir starfsmenn um hlutverk og mikilvægi þátttöku þeirra í flæðinu.
Ábyrgð	Deildastjórar og allir starfsmenn
Hvenær hefst og áætluð lok?	September 2026 til maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Á starfsdegi í haust verður verklag samræmt og síðan rætt reglulega á deildarfundum yfir skólaárið.
Viðmið um árangur	Að meirihluti starfsmanna upplifi sig örugga í flæði, viti til hvers er ætlast og verði virkir þátttakendur í leik barnanna.

10.2.2 Umbótaáætlun Skýjalands 2026-2027

Skýjaland	Lykilpersóna í aðlögun
Umbótaþáttur/matsþáttur	Að hvert barn og fjölskylda fái lykilpersónu í aðlögun. Sá starfsmaður sér um samskipti og fær upplýsingar um barnið.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að barnið og fjölskyldan fái góðar og hlýjar móttöku þegar það byrjar í leikskólanum
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Starfsmenn fái upplýsingar um barnið og skrái hjá sér þær upplýsingar sem það fær
Ábyrgð	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn
Hvenær hefst og áætluð lok?	Ágúst til nóvember
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Fyrir aðlögun verður fundur þar sem starfsmenn fá helstu upplýsingar um börnin. Aðlögun metin þegar henni er lokið um miðjan október. Hvað gekk vel og hvað má fara betur. Foreldraviðtöl verða í nóvember þar sem foreldrar fá að segja frá sinni upplifun í aðlögun.
Viðmið um árangur	Að foreldrar upplifi sig og barnið öruggt og treysti starfsmönnum í upphafi leikskólagöngu barnsins. Starfsfólk þekki helstu þarfir barnsins eftir aðlögunina.

10.2.3 Umbótaáætlun Regnbogaland 2026-2027

Regnbogaland	Lestur
Umbótaþáttur/matsþáttur	Lestur í víðu samhengi
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Markmiðið er að fara í bókasafnferðir með börnin og flétta saman umhverfislæsi og bókalestri. Mikilvægt er að auka áhuga barnanna á lestri bóka og að þau læri að umgangast bækurnar af virðingu.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að börnin fái nýtt umhverfi í lestri og fái að heimsækja bókasafnið.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar
Hvenær hefst og áætluð lok?	September 2026 til maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Fyrirkomulagið verður metið á deildarfundum og í virkum samtölum á deildinni. Daglegar lestrarstundir festar.
Viðmið um árangur	Aukinn áhugi barnanna á bókum. Virkari þátttaka barnanna í samræðum, hlustun og orðaleikjum. Orðaforði og tjáning barna aukist í daglegum samskiptum. Börn tengi efni við eigið líf, leik og reynslu.

10.2.4 Umbótaáætlun Stjörnulands 2026-2027

Stjörnuland	Framsögn og frásagnir
Umbótaþáttur/matsþáttur	Frásagnarhæfni og framsögn barnanna, styrkja börnin í því að segja frá upplifun sinni á leikskólamálinu.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin verði öruggari að tala og segja frá, það eflir orðaforða og styður yfirfærslu á milli tungumála.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Fræðsla til starfsfólks og fleiri verkefni sem fá börnin til að æfa framsögn, til dæmis bókaormur og uppsetning á leikriti í desember sem er sýnt börnum, starfsfólki og foreldrum.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar
Hvenær hefst og áætluð lok?	September 2026 – Maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Ræða á deildarfundum og meta hvernig gengur
Viðmið um árangur	Að börnin verði öruggari í frásögn og aukinn orðaforði

10.2.5 Umbótaáætlun Draumalands 2026-2027

Draumaland	Upplýsingaflæði
Umbótaþáttur/matsþáttur	Aukin áhersla á reglulega og markvissa upplýsingagjöf til foreldra. Regluleg upplýsingagjöf eflir samstarf heimilis og leikskóla, eykur skilning foreldra á stöðu barnsins og styður betur við áframhaldandi þroska og nám þess.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Efla upplýsingagjöf til foreldra um námsframvindu barna, þannig að hún verði regluleg, skýr og markviss
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Mánaðarlegir stuttir tölvupóstar og jafnvel myndir með þar sem sagt er frá því sem börnin gera í einstaklingsþjálfun.
Ábyrgð	Sérkennsluteymi sér um skráningar Sérkennslustjóri sendir fréttamola 1 x í mánuði.
Hvenær hefst og áætluð lok?	September 2026-maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Matstímabilið eru 9 mánuðir. Merkt verður inn í skjal þegar búið er að senda foreldrum fréttamola.
Viðmið um árangur	Ef tekst að senda á alla í a.m.k. 7 yfir veturinn skipti telst markmiði náð.

Draumaland	HLJÓM-2 og EFI-2 niðurstöður
Umbótaþáttur/matsþáttur	Unnið með niðurstöður úr EFI-2 og Hljóm-2 skimunum með markvissum hætti.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Niðurstöður úr skimunum verði kynntar starfsfólki deilda og nýttar til að vinna með í hópastarfi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Kynna niðurstöður fyrir starfsfólki deilda og starfsfólk stutt í notkun niðurstaðna í hópastarfi. Niðurstöður einnig kynntar í foreldraviðtölum.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri og deildarstjórar
Hvenær hefst og áætluð lok?	Upphaf ágúst 2026 lok maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	Mat á árangri fer fram reglulega yfir skólaárið og sérstaklega í lok þess til að meta heildarniðurstöður.
Viðmið um árangur	Markmið telst náð þegar skimun hefur verið lögð fyrir öll börn sem hafa aldur til og upplýsingum komið áfram.

F. h. leikskólans Aspar

Halldóra Sigtryggsdóttir	27.maí 2026
Leikskólastjóri	Dagsetning

Tímarammi samstarfsáætlunar 2026-2027

Fellaskóli Öspin Leikskólinn Holt

Mánuður	Atburður	Markmið	Ábyrgð og umsjón *- Mat og skráning*	Þátttakendur	Tími
September	**K-PALS stundir hefjast**	Leggja grunn að lestrarnámi elstu barnanna	Deildarstjórar elstu barna	**Deildarstjórar**	8. sept.
	Skipulagsfundur v/haustannar BB+HH	Að fara yfir samstarfið á haustönn.	Leikskólastjórar og deildarstjórar F *- mat á haustönn og tímarammi vorannar*	**Deildarstjórar F og leikskólastjórar**	4. sept.
	Samráðsfundur velja 2-3 sameiginleg lög fyrir Dag ísl. tungu (13. nóv.) og skipuleggja sameiginlegar æfingar. Kynning v/foreldrafunda að hausti.	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis *- Fundargerð* *- Upplýsingum miðlað til -verkefnastjóra MOLF*	**Deildarstjórar HÖ, AE og BB**	8. sept.
Sept – okt.	**Foreldrafundir á Holti, Öspog Fellaskóla**	Efla sameiginlega foreldrafræðslu í hverfinu. Sami fyrirlestur fyrir leik- og grunnskóla. 1.sept (F) 16. 29. 30. sept. (Ö) 22.23.24. sept 6. 7. 8. okt. (H) kl. 8:30 – 10:00	Stjórnendur og deildarstjóri máls og læsis	**Deildarstjórar,** **Leikskólast. BB og AE**	16. sept.- 8. okt.
Sept – okt	**Hljóm -2 lagt fyrir elstu börnin í Holt og Öspog** **Hljómstundir elstu barna hefjast 1. sept.**	Fylgjast með hljóðkerfisvitund barnanna í elsta árg.	Deildarstjórar elstu barna	**Deildarstjórar**	20. sept. – okt.
Október	**Orðaforðaprófanir MML / leikskóli skimar**	Fylgast með íslenskum orðaforða 3ja til 6 ára barna	MML, verkefnastj. fjölmenningar og deildarstj.	**MML og deildarstjórar**	Október 2026
	Samráðsfundur	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis *- Fundargerð*	**Deildarstjórar HÖ, AE, BB**	20. okt.
	1. bekkur heimsækir leikskólana og taka þátt í frjálsum leik.	Að nemendur finni samfellu og öryggi við skólaskiptin. Að kennarar 1. bekkjar kynnist starfi leikskólans	Verkefnastjórar á leikskólunum *- Myndir/fréttir á vef miðlað*	**Deildarstjórar HÖ og kennarar Fellaskóla**	21. okt. kl. 10:00
Nóvember	**Heimsóknir milli leikskóla + 1.b. F** Börnin hittast og syngja saman lög fyrir Dag íslenskrar tungu – Ákveða dagsetn og tíma 8.sept. Tvö lög – amk. annað m/hreyfingu – annað m/1.bekk	Að verðandi skólafélagar kynnist og skapi tengsl	Deildarstjórar HÖ + deildarstjóri máls og læsis F *- Myndir/fréttir á vef miðlað*	**Deildarstjórar**	26. okt. – 13. nóv. (3 X)
	Dagur íslenskrar tungu Leikskólabörn af báðum leikskólum syngja saman í athöfn í Fellaskóla	Að leikskólabörnin kynnist grunnskólanum betur.	Stjórnendur og deildarstjórar *- Myndir/fréttir á heimasíðu* -	**Deildarstjórar**	16. nóv. kl. 10:00
	Niðurstöður námsmats í 1. bekk og Hljóm	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis *- Fundargerð*	**Deildarstj. HÖ, AE, BB og KG** **Stjórn. skóla**	17. nóv.
Desember	**Helgileikur** Leikskólabörnum boðið á generalprufu á helgileik í skóla og í heimsókn inn í 6.b.	Að leikskólabörnin kynnist grunnskólanum enn betur og finni til öryggis þar.	Verkefnastjórar HÖF *- Myndir/fréttir á heimasíðu á vef (Vala)*	**Deildarstjórar**	17. des.

Janúar	**Skipulagsfundur v/vorannar BB+HH**	Að meta samstarfið á haustönn.	Leikskólastjórar og deildarstjórar F *- mat á haustönn og tímarammi vorannar*	**Deildarstjórar F og leikskólastjórar**	8. janúar
Febrúar	**Deildarstjóri máls og læsis og deildarstjórar leikólanna** samráðsfundur	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis *- Fundargerð*	**Deildarstjórar**	9. febrúar
	Leikskólabörn koma í smiðjur	Að kynnast húsnæði grunnskólans og starfsemi. Að leikskólabörnin finni öryggi við skólaskiptin. Að kennarar leikskóla kynnist grunnskólastarfinu.	Verkefnastjórar HÖF *- Myndum og fréttum miðlað*	**Deildarstjórar**	18. og 25. feb. kl.10:00
Mars	**Deildarstjóri máls og læsis og deildarstjórar leikólanna** samráðsfundur	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis *- Fundargerð*	**Deildarstjórar**	16. mars
	Hljóm – 2 – endurmat – elstu börnin– allir.	Fylgjast með framförum hljóðkerfisvitundar hjá elstu börnunum	Deildarstjórar elstu barna	**Deildarstjórar**	30. mars – 30.apríl
Apríl	**Orðaforðaprófanir MML / leikskóli skimar**	Fylgast með íslenskum orðaforða 3ja til 6 ára barna	MML, verkefnastj. fjölmenningar og deildarstj.	**MML**	Apríl 2027
	Lestur í leikskólum Nemendur í 5. bekk lesa á ýmsum tungumálum (íslenska + móðurmál) í leikskóla og sameiginleg útivera eftir lestur	Að miðla góðum fyrirmyndum til yngri barnanna og styðja við virkt tvítyngi	Deildarstjórar í Fellaskóla *- Myndum og fréttum miðlað*	**Deildarstjórar**	7. apríl 2027
Maí	**Skipulagsfundur v/haustannar BB/HH** **Leikskólastjórar, deildarstjórar Fellaskóla**	Að meta samstarfið á árinu, horfa til framtíðar.	Leikskólastjórar og deildarstjórar F *- mat á vorönn og tímarammi haustannar*	**Deildarstjórar F og leikskólastjórar**	12. maí 2027
	3 daga vorskóli og kynning fyrir foreldra Börnum utan hverfis og foreldrum boðið í heimsóknina	Að börnin kynnist fjölbreyttu starfi skólans og finni til öryggis við skólaskiptin. Að verðandi kennarar 1. b. kynnist nem. og þeir hver öðrum. Að kennarar leikskóla kynnist grunnskólastarfinu.	Deildarstjóri Fellaskóla *- Myndum og fréttum miðlað*	**Deildarstjóri F**	19. - 21. maí 2027
	Deildarstjóri máls og læsis og deildarstjórar leikólanna samráðsfundur	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis *- Fundargerð*	**Deildarstjórar**	25. maí 2027
	Útskrift leikskólabarna í hátíðarsal Fellaskóla Holt og Ösp **KL.14:30**	Fer fram í Fellaskóla til að mynda tengingu milli skólastiga.		**Leikskólastjórar** **Brynja + stjórnandi úr F.**	28. maí 2027
	Skilafundir milli leik- og grunnskóla og frístundar	Að skapa samfellu milli leik- og grunnskóla og að allar nauðsynlegar upplýsingar fylgi milli stiga.	Deildarstjóri yngra stigs Fellaskóla	**Deildarstjórar elstu deilda**	Seinni hluti maí 2027

Ljósblár	Heimsóknir nemenda í leikskóla
Appelsínugulur	Heimsóknir barna í skóla
Grænn	Samráð starfsmanna
Bleikur	Skimanir og íhlutun í leikskóla

10.4 Leikskóladagatal

Nafn leikskóla: Leikskólinn Ösp

Leikskóladagatal 2026 - 2027

	ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1	L		1	Þ	1	F	1	S	1	Þ	1	F	Nýársdagur	1	M	Vinnudagur Bíleir á afmæli	1	F		1	L	Verkalýðsdagurinn	1	Þ		1	F
2	S		2	M	2	F	2	M	2	M	Mála piparkökur	2	L	2	Þ		2	F		2	S		2	M		2	F
3	M	Fridagur verslunarmanna	3	F	3	L	3	Þ	3	F		3	S	3	M		3	L		3	M		3	F		3	L
4	Þ	Sumarlokun	4	F	4	S	4	M	4	F	Foreldrakaffi	4	M	Skipulagsdagur	4	F	Dagur leikskólans Foreldrakaffi	4	F	Farsældarvika	4	Þ		4	F		4	S
5	M	Sumarlokun	5	L	5	M	5	F	5	L		5	Þ		5	F		5	F	Farsældarvika	5	M		5	L		5	M
6	F	Sumarlokun	6	Þ	6	S	6	F	6	S		6	M	Þrettándinn	6	L	Dagur leikskólans	6	L		6	F	Uppstigningardagur	6	S	Sjómannadagurinn	6	Þ
7	F	Sumarlokun	7	M	7	M	7	L	7	M		7	F		7	S	Ramadan hefst	7	S		7	F		7	M		7	M
8	L		8	Þ	Dagur læsis	8	F	8	S	8	Þ	Jólaboðadagur	8	F		8	Bolludagur	8	M		8	L		8	Þ		8	F
9	S		9	M		9	F	9	M	9	M		9	L		9	Sprengidagur	9	Þ		9	S		9	M		9	F
10	M	Sumarlokun	10	F		10	L	10	Þ	10	F		10	S		10	Öskudagur	10	M		10	M		10	F		10	L
11	Þ	Opnum eftir sumarfrí	11	F		11	S	11	M	11	F	Jólaball og jólamatur	11	M		11		11	F	Alþjóðlegur dagur móðurmáls páliniboð	11	Þ		11	F	Sumarhátíð	11	S
12	M		12	L		12	M	12	F	12	L		12	Þ		12	F		12	M		12	M		12	L		12	M
13	F		13	S		13	Þ	13	F	13	S		13	M		13	L		13	Þ		13	F		13	S		13	Þ
14	F		14	M		14	M	14	L	14	M		14	F		14	S	Dagur stærðfræðinnar	14	M		14	S	Sveitaferð	14	M		14	M
15	L		15	Þ	1/2 Skipulagsdagur Opnum kl. 12:30	15	F	15	S	15	Þ	Guðmundarlundur	15	F		15	M		15	F		15	L		15	Þ		15	F
16	S		16	M	Foreldrafundur Stjörnuland 8.30-10:00	16	F	16	M	Dagur íslenskrar tungu	16	M		16	L		16	Þ		16	F		16	S	Hvítasunnudagur	16	M		16	F
17	M		17	L		17	L	17	Þ	17	F		17	S		17	M		17	F		17	M	Annar í Hvítasunnu	17	F	Lýðveldisdagurinn	17	L
18	Þ		18	F		18	S	18	M	18	F	Jólapeysur og húfur	18	M		18	F		18	S		18	Þ		18	F		18	S
19	M		19	L		19	M	19	F	19	L		19	Þ		19	F		19	M		19	M		19	L		19	M
20	F		20	Þ		20	Þ	20	F	Skipulagsdagur	20	S		20	M		20	L		20	Þ	Barnamenningarhátíð	20	F		20	S		20	Þ
21	F	Síðasti dagur eldstu barna	21	M		21	M	21	L	21	M		21	F		21	S	Pálmasunnudagur	21	M	Skipulagsdagur Náms ferð	21	F		21	M		21	M
22	L		22	Þ	Skráningardagur	22	F	22	S	22	Þ	Kósýdagur	22	F	Bóndadagur	22	M	Vetrarfrí - Lokað	22	M	Skráningardagar	22	F	Sumardagurinn fyrsti	22	L		22	Þ
23	S		23	M	Skráningardagur	23	F	23	M	Þorláksmessa	23	L		23	Þ	Skráningadagar	23	Þ	Skráningardagar	23	M	Skráningardagar	23	F	Skipulagsdagur Náms ferð	23	S		23	M		23	F
24	M		24	F	Fyrsti vetrardagur	24	L	24	Þ	24	F	Aðfangadagur jóla	24	S		24	M		24	M	Skráningardagar	24	L		24	M		24	F		24	L
25	Þ		25	F		25	S	25	M	25	F	Jóladagur	25	M		25	F		25	F	Skírdagur	25	S		25	Þ	Útskriftarferð elstu barna í Vatnaskóg	25	F		25	S
26	M		26	L	Skráningardagur	26	M	26	F	26	L	Annar í jólum	26	Þ		26	F	Föstudagurinn langi	26	F		26	M		26	M		26	L		26	M	
27	F		27	S		27	Þ	Alþjóðlegur bangsadagur	27	F		27	S		27	M		27	L		27	L		27	Þ	Skipulagsdagur Menntaslefnumið	27	F		27	S		27	Þ	
28	F		28	M		28	M		28	L		28	M	Skráningardagur	28	F		28	S	Páskadagur	28	M		28	F	Útskrift elstu barna	28	M		28	M	
29	L		29	Þ	Foreldrafundur Regnbogaland 8.30-10:00	29	F		29	S		29	Þ	Skráningardagur	29	F				Annar í Páskum	29	F		29	L		29	Þ		29	F		
30	S		30	M	Foreldrafundur Skýjaland 8.30-10:00	30	F	Hrekkjavaka	30	M		30	L	Skráningardagur	30	M					30	Þ		30	S		30	M		30	F		
31	M	1/2 Skipulagsdagur Opnum kl. 12:30				31	L				31	M	Gamlársdagur	31	S					31	M							31	L		

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Skráningardagar í leikskólum eru tíu og gjöld lækkuð vegna þeirra. Foreldrar sem þurfa vistun þessa daga sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

10.5 Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2026 – 2027

Leikskólinn Ösp

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Endija Madara Simniskiene

Rhea Pardillo Juarez

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já við teljum það.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Já hún er mjög aðgengileg og auðlesin. Auðvelt að finna hana á heimasíðu Reykjavíkurborgar.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Já, hún er vel sett upp og starfið sem er unnið á deildum kemur mjög vel fram.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Nei, flott vinna sem kemur skýrt fram.

Fulltrúar í foreldraráði:

Endija Madara Simniskiene

Rhea Pardillo Juarez

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

Endija Madara Simniskiene

Rhea Pardillo Juarez


LÁTUM
DRAUMANA
RÆTAST